

Kópavogur 05.04.2022

Leiðbeiningar fyrir almannaheillafélög sem nota dk viðskiptahugbúnað.

Þessar leiðbeiningar eru ætlaðar þeim félögum sem falla undir skilgreininguna um almannaheillafélög. Hér eru upplýsingar um hvað best er að gera á þessu ári til þess að skilin til skattsins í janúar á næsta ári fyrir þetta ár skili sér létt og örugglega.

Ný lög um breytingar á skattafrádrætti til almannaheillafélaga tóku gildi 1.nóv 2021 eins og flestir vita eða eins og segir hjá skattinum:

„Lögin fela í sér nýja heimild fyrir einstaklinga til að draga allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar vegna framlaga til almannaheillastarfsemi. Frádráttur einstaklinga getur verið á bilinu 10 - 350 þús. kr. á almanaksári, hjóna og sambúðarfólks alls 700 þús. kr. og kemur til lækkunar á útsvars- og tekjuskattsstofni en er ekki millifæranlegur og ber því að halda framlögum hvers einstaklings aðgreindum. Að ári loknu þarf **móttakandi að skila upplýsingum** um móttekin framlög ársins til Skattsins og á grundvelli þeirra gagnaskila verður **frádráttur áritaður á framtöl** gefenda (reitur 155 í kafla 2.6 á tekjusiðu framtals).“

Til þess að einstaklingur fái frádrátt þurfa gjafir/framlög hans á árinu að vera **a.m.k. 10 þúsund krónur**.

Áríðandi er að reyna á sem bestan hátt að aðgreina *styrki frá sölu*. Skráin til skattsins þarf að innihalda *kennitölu*. – *nafn* – *styrkupp hæð* fyrir hvern einstakling sem leggur fé í styrki almennaheillafélaga.

Það eru a.m.k. 3 aðferðir sem notaðar eru við að skrá styrki í dk. Endilega farið vel yfir þá aðferð/ir sem þið notið

1. Þeir sem nota eingöngu *fjárhag* til að skrá styrki þurfa að stofna sér bókhaldslykil eða lykila eftir því sem við á. Skrá þarf hvern styrk fyrir sig niður á tilvísun þar sem tilvísunin er kennitala auk S fyrir aftan kennitölun en það táknar að færslan er *Styrkur*.

Tilvísanir

Almennt

Almennt

Tilvísun: 2501673939S

Heiti tilvísunar: Jóna Jónsdóttir

Launamiði:

Heiti: Jóna Jónsdóttir

Heimili: Lothúsi 7

Heimili2:

Kennitala: 250167-3939

Póstnúmer: 110 ... Reykjavík

Land: IS ... Ísland

Atvinnugr.nr.: ...

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd ESC Hætta F12 Skrá

2. Þeir sem útbúa reikninga annað hvort beint eða frá *vinnslum* í félagakerfinu eða *leggja á félagsgjöld* þurfa að stofna vöruflokk sem þarf síðan að setja inn á vörunúmerin sem tilheyra styrkjunum

Vöruflokkar - [Styrk - Styrkur til félags]

Styrk - Styrkur til félags

Almennt dkPos

Almennt

Vöruflokkur: Styrk

Heiti vöruflokks: Styrkur til félags

Auður flokkur: ▾

Álag. % innkaupa: 0,00 ▾

UNSPSC flokkur:

Senda til Medicor:

Senda verð til Medicor:

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd ESC Hætta F12 Skrá

3. Þeir sem nota gjaldaskrána þurfa að merkja inn á þær gjaldaskrár sem eiga að tilheyra styrkjum. Best er að stofna herferð (CRM) sem nefnist *Styrkur* og merkja þær gjaldaskrár þeirri herferð. Hinn möguleikinn ef þær gjaldaskrár eru færri sem ekki er styrkur er hægt að merka þær eingöngu sem *EkkiStyrkur*.

Herferðir - [Styrkir - Styrkir]

Styrkir - Styrkir

Almennt Fjárhagur

Almennt

Auðkenni: Styrkir

Lýsing: Styrkir

Stutt lýsing: Styrkir

Tilgangur:

Uppsetning

Virk:

Byrjar: 1.1.2022 ▾

Endar: ▾

Flokkur: ...

Tegund: ▾

Staða: ▾

Annað

Framkvæmt: 0,00 ▾

Tilvísun 1:

Tilvísun 2:

Eigandi: ...

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd ESC Hætta F12 Skrá